



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Leiðbeiningar fyrir menningarstarfsemi og viðburði vegna COVID-19

covid.is

MÖGULEGT SMIT?

Finnur þú fyrir eftirfarandi einkennum?

Einkenni COVID-19 sýkingar eru ekki alltaf þau sömu, en minna á venjulega flensu

- ▶ hiti
- ▶ hálsæringi
- ▶ hösti
- ▶ slappleiki
- ▶ bein- og vöðvaverkir
- ▶ skyndileg breyting eða tap á bragð- og lyktarskyni



Ef þig grunar að þú sért með smit:

- ▶ Haltu þig heima
- ▶ Hafðu samband í síma við heilsugæsluna þína, í gegnum netspjalli á heilsuvera.is eða Læknavaktina í síma 1700.
- ▶ Heilbrigðisstarfsfólk ráðleggur þér um næstu skref.



Grunar þig að einhver í þínu nærumhverfi sé smitaður/smituð?

- ▶ Gættu þess að eiga ekki í nánu samneyti við viðkomandi.
- ▶ Ráðlegðu viðkomandi að hafa samband við heilsugæsluna, netspjalli Heilsuveru eða 1700 til að ræða einkenni sín og fá ráð um hvernig best er að bregðast við.



11. september 2020

Efnisyfirlit

1. Eftirfarandi á við um starfsemi menningarhúsa og viðburði	3
2. Grundvallarsmitgát	4
3. Þrif umhverfis	4
4. Afgreiðsla / miðasala og móttaka gesta – gátlisti	4
5. Veitingasala/ mótuneyti	5
6. Salir án sæta – gátlisti	5
7. Salir með sætum - gátlisti	5
8. Búningsherbergi - gátlisti	5
9. Æfingasalir/æfingaherbergi/græna herbergið	5
10. Opin rými þar sem boðið er upp á hvers konar viðburði (forsalir/fatahengi)	6
11. Bókasöfn	6
12. Ef eitthvað er óljóst	6
13. Frekari upplýsingar um COVID-19	7
14. Viðaukar	7

1. Eftirfarandi á við um starfsemi menningarhúsa og viðburði

Áhersla er lögð á að hver og einn beri ábyrgð á eigin athöfnum og taki tillit til annarra: „**Við erum öll almannavarnir**“. Rekstraraðilar menningarhúsa og aðilar sem sjá um viðburðarhald eru beðnir að skrá hjá sér hve mörgum gestum þeir geta tekið á móti og skoða sérstaklega flöskuhálsa svo sem anddyri, fatahengi og veitingaþjónustu, þar er nálægðin mest.

Með menningarhúsum er verið að vísa til starfsemi menningar og viðburðarhalds í víðtæku samhengi svo sem sýningarsali, bíósali, leikhús og söfn. Með viðburðum er átt við alls konar skipulagðar samkomur og uppákomur t.d. í einkasölum og safnaðarheimilum.

Rekstraraðilar/skipuleggjendur viðburða eru beðnir að fara að eftirfarandi leiðbeiningum á samkomutakmörkunum stjórnvalda, telja gesti og tryggja að fjöldi í hverju rými fari ekki umfram ákvörðun heilbrigðisráðuneytis (HRN) um hámarksfjölda einstaklinga í sama rými á hverjum tíma.

Húsnæðið getur verið fleiri en eitt rými og getur einstaka rými verið skipt niður svo fremi sem nálægðartakmörk og fjöldatakmarkanir eru virtar. Dæmi: salur sem er það stór að hægt sé að skipta upp í fleiri en eitt rými og þá þarf skiptingin að vera greinileg og a.m.k. 1 metri á milli rýma nema skilrúm sé á milli sem er a.m.k. 2 metra hátt. Til þess má nota t.d. bankaband eða annað hentugt svo að skilin séu skýr og eins og alltaf m.t.t. nálægðartakmarka og fjöldatakmarkana. Starfsmenn eiga ekki að fara á milli rýma.

Rekstraraðili útfærir eftir aðstæðum á hverjum stað, hvernig er hægt að tryggja gildandi nálægðar- og fjöldatakmarkanir í hverju rými á hverjum tíma og eru ábyrgir fyrir því að fara að gildandi reglum.

Einstaklingar/gestir bera svo ábyrgð á sínum sóttvörnum, hegðun og tillitssemi við aðra.

Hvert skilgreint rými þarf að hafa eigin salerni og eins og kostur er sér inn-/útgang. [Sjá leiðbeiningar Embættis landlæknis um rými utanhúss og innandyra vegna COVID-19.](#)

Sé starfsemi þannig háttáð að rýmið bjóði einungis upp á einn inngang/útgang, þá er hægt að vera með viðburði á mismunandi tímum til þess að stýra t.d. að hleypa inn og út og eins vera með hlé á mismunandi tímum eða sleppa þar sem við á.

Börn fædd árið 2005 eru undanþegin í fjölda- og nálægðartakmörkun en þó þurfa fullorðnir að halda þeim nálægðartakmörkun sem eru í gildi hverju sinni.

Almenna reglan er að starfsemin er opin öllum samkvæmt venju og öll hefðbundin starfsemi er heimil svo fremi sem gestir eru upplýstir um sóttvarnaráðstafanir og að fjöldi fari ekki yfir leyfilegt hámark innan hvers rýmis samkvæmt auglýsingu HRN á hverjum tíma.

Nánari upplýsingar:

1. Rekstraraðili tryggir að upplýsingaskilti almannavarna um ábyrgð gesta gagnvart eigin smitvörnum sé þeim sýnilegt á skjá eða á prenti.
2. **Gestir/starfsfólk mega ekki koma ef þau:**
 - a. Eru í [sóttkví](#).
 - b. Eru í [einangrun](#) (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
 - c. Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - d. Eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
3. Rekstraraðili þrífur samkvæmt venju og strýkur yfir skilgreinda snertifleti í samræmi við notkun og alltaf eftir æfingar/sýningar/viðburð með sápulegi/sóttthreinsandi efni.
4. Rekstraraðili tryggir eins og best verða má að hægt sé að virða nándartakmörk sem eru í gildi hverju sinni.
5. Rekstraraðili tryggir auðvelt aðgengi að handþvottaaðstöðu og handspritti.
6. Rekstraraðili tekur valkvæða þjónustu úr umferð ef hann telur sig ekki geta uppfyllt skilyrði um sóttvarnir. Dæmi: veitingasala, leikmunir, leikföng, bækur, tímarit og föndurdót.

7. Rekstraraðili tryggir að skráðar séu [upplýsingar um viðbrögð starfsmanna ef grunur vaknar um COVID-19 smit á starfssvæði](#).
8. Rekstraraðili hvetur starfsfólk og gesti til að hlaða niður smitrakningarappi almannavarna.

[Hér](#) má nálgast samfélagssáttmálinn sem hengja þarf upp á stöðum þar sem starfsfólk og gestir eru.

2. Grundvallarsmitgát

Ávallt skal viðhafa grundvallarsmitgát gagnvart öllu fólki, hvort sem það virðist vera veikt eða ekki.

Í grundvallarsmitgát gegn sýkingum í samfélaginu sem alltaf á að vera í gangi felst m.a. eftirfarandi:

- Almenn handhreinsun, þ.e. handþvottur eða notkun handspritts (ef handþvottur er ekki mögulegur) eftir snertingu við mengað yfirborð og áður en unnið er með matvæli.
- Gæta hreinlætis við hósta og hnerra með því að halda fyrir vitin á meðan hóstað er með bréfpurrku, sem er hent strax að notkun lokinni í rusl og hendur þvegnar á eftir.
- Gæta að almennum þrifum milli manna og í umhverfi.
- Ganga tryggilega frá sorpi.

3. Þrif umhverfis

Í COVID-19 faraldrinum er lögð mikil áhersla á að þrifa umhverfi vandlega því smitefnið frá þeim sem eru hugsanlega sýktir getur breiðst út við hósta og hnerra og hnigið á yfirborð í umhverfinu. Einnig getur annað smitefni borist milli manna við nánd s.s. æfingar og því er mikilvægt að allir gæti að hreinlæti og að umhverfið og leikmunir, leikföng, bækur eða annað sem er í notkun sé þrifið með sápuvatni daglega og strokið yfir með sótthreinsandi lausn eftir notkun (umhverfisspritt 85%, bleikiklórblanda 500–1000 ppm, Virkon 1%). Aukaleg þrif skulu vera skilgreind samkvæmt verklagsreglum um þrif á Covid-19 tímum.

4. Afgreiðsla / miðasala og móttaka gesta – gátlisti

1. Gestir/áhorfendur fá senda áminningu t.d. daginn fyrir sýningardag með upplýsingum um algengustu einkenni COVID-19. Verði einkenna vart skal hafa samband við heilsugæslu og í kjölfarið hafa samband við miðasölu til að fá miða á nýja sýningu eftir því sem við verður komið. Miðasala verður takmörkum við ákveðin fjölda á mann, út frá stærð salar til að auðvelda rakningu.
2. Upplýsingaskilti almannavarna um eigin smitvarnir skal vera sýnilegt gestum, á áberandi stað.
3. Merkingar á gólfi sem upplýsa um þau nándartakmörk sem eru í gildi hverju sinni.
4. Aðgangur að handþvottaaðstöðu og handspritti skal vera aðgengilegt gestum.
5. Talning gesta/starfsfólks ef þess er talin þörf. Starfsfólk í afgreiðslu/móttöku fylgist náið með flæði fólks um húsnæðið og rýmin og rekstraraðili skal loka húsnæði /rými tímabundið þegar hámarksfjölda gesta er náð.
6. Rekstraraðilar viðburða taka valkvæða þjónustu úr umferð ef ekki er hægt að uppfylla skilyrði sóttvarna vegna þeirra. Dæmi: Veitingasala, bækur, tímarit, leikföng og fleira.
7. Rekstraraðili tryggi að skilgreindir snertifletir séu þrifnir og sótthreinsaðir með sápuvægi/sótthreinsandi efni eins oft og þurfa þykir og skv. verklagsreglum um þrif á Covid-19 tímum. Dæmi: Inngönguhlið, handföng, handrið, hurðahúnar og posar.

5. Veitingasala/ mótuneyti

Almenna reglan er að veitingasala má vera opin samkvæmt venju svo fremi sem gestir eru upplýstir um sóttvarnaráðstafanir og að fjöldi gesta í veitingarými fari ekki yfir leyfilegt hámark samkvæmt auglýsingu HRN á hverjum tíma. Frekari leiðbeiningar um veitingasölu í heimsfaraldri má finna á vef Ferðamálastofu og vef Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:

<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2020/juni/islogensk.pdf>

<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/covid-19/leidbeiningar-v-50manna.pdf>

<https://reykjavik.is/upplýsingasida-heilbrigdiseftirlits-reykjavikur-vegna-covid-19>

6. Salir án sæta – gátlisti

1. Tryggja þarf þau nándartakmörk sem eru í gildi hverju sinni.
2. Starfsmenn fylgjast með að leyfilegur fjöldi gesta í rými fari ekki umfram leyfilegt hámark skv. gildandi auglýsingu HRN.
3. Handspritt skal aðgengilegt gestum að lágmarki við inngang.
4. Strokið yfir skilgreinda snertifleti með sápulegi/sóttþreinsandi efni eins oft og þurfa þykir. Dæmi: Handrið, handföng, borð og stólbök.
5. Svæði þrifið samkvæmt verklagsreglum um þrif á COVID-19 tímum.

7. Salir með sætum - gátlisti

1. Tryggja skal þau nálægðartakmörk a milli ótengdra aðila sem eru í gildi hverju sinni, útfærsla er í höndum rekstraraðila
2. Starfsmenn fylgjast með að leyfilegur fjöldi gesta í rými fari ekki umfram leyfilegt hámark skv. gildandi auglýsingu HRN.
3. Handspritt skal aðgengilegt gestum að lágmarki við inngang.
4. Strokið yfir skilgreinda snertifleti með sápulegi/sóttþreinsandi efni eins oft og þurfa þykir. Dæmi: Handrið, handföng og borð
5. Svæði þrifið samkvæmt verklagsreglum um þrif á COVID-19 tímum.

8. Búningsherbergi - gátlisti

1. Tryggja þarf að hægt sé að fylgja fjöldatakmörkunum og nándartakmörkum sem eru í gildi hverju sinni.
2. Upplýsingaskilti almannavarna um eigin smitvarnir skal vera sýnilegt.
3. Handþvottaaðstaða og/eða handspritt skal vera aðgengilegt.
4. Svæði þrifið samkvæmt verklagsreglum um þrif á COVID-19 tímum.
5. Skilgreindir snertifletir þrifnir og sóttþreinsaðir með sápulegi/sóttþreinsandi efni eins oft og þurfa þykir. Dæmi: Hurðahúnar, handrið, handföng, kranar, skápahöldur og borð.

9. Æfingasalir/æfingaherbergi/græna herbergið

1. Snertingar eru heimilar við æfingar og sýningar í sviðslistum, tónlist og við kvikmyndatöku. Utan æfinga- og sýningarsvæðis skal ávallt virða þau nándartakmörk sem eru í gildi.
2. Upplýsingaskilti almannavarna um eigin smitvarnir skal vera sýnilegt.

3. Handþvottaaðstaða og/eða handspritt skal vera aðgengilegt.
4. Svæði og búnaður skal þrifið samkvæmt verklagsreglum um þrif á COVID-19 tímum.
5. Skilgreindir snertifletir þrifnir og sótthreinsaðir með sápulegi/sótthreinsandi efni eins oft og þurfa þykir. Dæmi: Hurðahúnar, handrið, handföng, kranar, skápahöldur, leikmunir og borð.

10. Opin rými þar sem boðið er upp á hvers konar viðburði (forsalir/fatahengi)

1. Tryggja þarf að gestir geti viðhaft þau nándartakmörk sem eru í gildi hverju sinni.
2. Starfsmenn fylgjast með að leyfilegur fjöldi gesta í rýminu fari ekki umfram leyfilegt hámark skv. gildandi auglýsingu HRN.
3. Upplýsingaskilti almannavarna um eigin smitvarnir skal vera sýnilegt.
4. Gestir bera ábyrgð á eigin athöfnum og sýni öðrum tillitssemi.
5. Handþvottaaðstaða og/eða handspritt skal aðgengilegt gestum að lágmarki við inngang.
6. Strokið yfir skilgreinda snertifleti með sápulegi/sótthreinsandi efni eins oft og þurfa þykir. Dæmi: Handrið, handföng og borð
7. Svæði þrifið samkvæmt verklagsreglum um þrif á COVID-19 tímum.

11. Bókasöfn

1. Talning gesta/starfsfólks. Starfsfólk í afgreiðslu/móttöku fylgjast með flæði fólks um húsið og rekstraraðili skal loka aðgengi tímabundið ef farið er yfir hámarksfjölda í húsinu/einstaka rými eftir því sem við á.
2. Tryggja þarf að hægt sé að fylgja nándartakmörkum sem eru í gildi hverju sinni.
3. Upplýsingaskilti almannavarna um eigin smitvarnir skal vera sýnilegt.
4. Handþvottaaðstaða og/eða handspritt skal vera aðgengilegt.
5. Svæði þrifið samkvæmt verklagsreglum um þrif á COVID-19 tímum ([leiðbeiningar um þrif á leikföngum fyrir leik- og grunnskóla má finna hér](#)).
6. Bækur og plastaðar tímaritskápur á að sótthreinsa að utanverðu ef kostur er áður en gengið er frá þeim í hillur.
7. Skilgreindir snertifletir þrifnir og sótthreinsaðir með sápulegi/sótthreinsandi efni eins oft og þurfa þykir. Dæmi: Hurðahúnar, handrið, handföng, kranar, skápahöldur, og borð.

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk bókasafna eru að finna hér:

[https://www.ahs.is/wp-content/uploads/2020/08/Upplýsingar-fyrir-starfsmenn-bokasafna-vegna-COVID-19-13.agust .pdf](https://www.ahs.is/wp-content/uploads/2020/08/Upplýsingar-fyrir-starfsmenn-bokasafna-vegna-COVID-19-13.agust.pdf)

12. Ef eitthvað er óljóst

Vinsamlega sendið fyrirspurnir á eftirfarandi netfang:

mrn@mrn.is

Heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélaga gefur einnig upplýsingar um starfsleyfisskyldan rekstur s.s. samkomusala, veitingastaða, leikhúsa, kvikmyndahúsa og safna. Auk þess veitir heilbrigðiseftirlitið umsagnir um ýmsa skipulagða viðburði.

- <https://reykjavik.is/upplýsingasida-heilbrigdiseftirlits-reykjavikur-vegna-covid-19>

- covid.is

13. Frekari upplýsingar um COVID-19

- landlaeknir.is
- covid.is
- <https://reykjavik.is/upplýsingasida-heilbrigdiseftirlits-reykjavikur-vegna-covid-19>

14. Viðaukar

1. [Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002](#)
2. [Leiðbeiningar til framlínustarfsmanna í atvinnulífinu. Hér má finna leiðbeiningar um þrif á vinnustöðum og farartækjum til fólksflutninga í COVID-19 faraldri](#)
3. [Önnur starfsleyfisskilyrði. Umhverfisstofnun](#)